

Umhverfisstofnun  
Áb. L25  
13 AUG. 2003  
32.05  
Tilv. HELDI ÓLAFSSON

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

The logo consists of a stylized, dark, wavy line forming an arch above the letters "UST".

Umhverfisstofnun

\* L'ANNEE PASSÉE A  
LA CITE DES MUSÉES  
DU 10 JUIN 1941 AU 10 JUIN  
1942. PARIS. 1942.  
EDITIONS DE LA LIBRAIRIE FRANÇAISE  
PARIS. 1942.

12. águst 2003

Tilvísun: UST20030700200/bs

Nýtt efnislosunarsvæði við snjóflóðavarnargarða á Siglufirði.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 21. júlí sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á tillögu að breytingu á ofangreindri framkvæmd og hvort sú breyting teljist ásættanleg. Breytingin felst í því að taka nýtt svæði undir efnislosun, um 400 x 70 m að stærð. Með bréfinu fylgdi teikning í mkv. 1:5000 sem sýnir m.a. afmörkun nýja efnislosunarsvæðisins.

Í bréfi Framkvæmdasýslu ríkisins til Skipulagsstofnunar dags. 15. júlí sl. kemur fram að koma þurfi fyrir á svæðinu  $30.000 \text{ m}^3$  af efni en unnt sé að stækka svæðið verulega til suðurs ef með þarf. Jafnframt kemur fram að mikil óvissa ríkir um magn þess efnis sem koma verður fyrir á efnislosunarsvæðum vegna framkvæmda við snjóðflóðavarnargarða og því mikilvægt að góður sveigjanleiki sé til staðar til að bregðast við þeirri óvissu. Miðað er við að nýja efnislosunarsvæðið nái niður undir sjávarbakka en fari ekki fram af þeim.


Umhverfisstofnun telur að miðað við eðli framkvæmdarinnar sé ekki óeðlilegt að óvissa ríki um það magn sem koma verður fyrir á efnislosunarsvæðum og að gert sé ráð fyrir sveigjanleika hvað það varðar. Stofnunin bendir á að í matsskýrslu vegna snjóflóðavarna á Siglufirði kemur m.a. fram að taka verði með fyrirvara mati á magni þess efnis sem fjarlægja verður við gerð varnargarða og ekki er hægt að nýta, sbr. umfjöllun í kafla 3.3.3. *Efnistaka* og 3.3.4. *Frágangur á námum.*


Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdaraðila ber gróður á fyrirhuguðu efnislosunarsvæði þess merki að landið var nytjað fram yfir miðja síðustu öld. Gróðurinn er túngresi með mikilli sinu. Engar sjaldgæfar plöntur né gróðurlendi eru þekkt á svæðinu. Fram kemur að efnislosun muni eiga sér stað eftir 1. ágúst 2003 þannig að hugsanlegt varp mófugla muni ekki skemmast vegna þess. Með hliðsjón af þeim upplýsingum telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að gera athugasemdir við að framangreint svæði verði tekið undir efnislosun. Stofnunin leggur þó áherslu á að þess verði gætt að efni berist ekki niður í fjöru við framkvæmdirnar og að framkvæmdir hindri ekki aðgengi almennings

UST

meðfram strandlengjunni. Jafnframt telur stofnunin að uppgræðsla svæðisins ætti að miðast við að endurheimta búsvæði mófugla.

Virðingarfyllst,

  
Sigurður Friðrikssdóttir

  
Helgi Jónasson